



FJÖLMENNINGARSETUR
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

2021



Atvinnumál

Upplýsingar fyrir þá sem eru nýkomnir með stöðu
flóttamanna á Íslandi

Atvinnuþátttaka á Íslandi

Á Íslandi er atvinnuþátttaka mikil og í flestum fjölskyldum þurfa báðir aðilar að vinna úti til að geta rekið heimili. Þegar báðir aðilar vinna úti er nauðsynlegt að þeir hjálpist einnig að við heimilisstörf og að sinna börnum.

Að hafa vinnu skiptir ekki aðeins máli fjárhagslega, það er mikilvægt upp á virkni og þátttöku í samfélaginu, félagslega stöðu og tengsl, og innihaldsríkara daglegt líf.

Alþjóðleg vernd og atvinnuleyfi

Þeir sem fá veitta alþjóðlega vernd fá leyfi til búa og vinna á Íslandi. Þeir þurfa því ekki að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi og geta unnið hjá hvaða atvinnurekanda sem er.

Mannúðarleyfi og atvinnuleyfi

Þeir sem fá veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum hafa leyfi til að búa á Íslandi en þeir fá ekki sjálfkrafa rétt til atvinnuþátttöku og þurfa að hafa eftirfarandi í huga:

- Sækja þarf sérstaklega um tímabundið atvinnuleyfi til Útlendingastofnunar. Til að sækja um tímabundið atvinnuleyfi þarf að framvísa ráðningarsamningi.
- Atvinnuþátttaka útlendings með tímabundið atvinnuleyfi er háð kennitölu atvinnurekanda sem þýðir að atvinnuleyfið gefur aðeins leyfi til atvinnuþátttöku hjá viðkomandi atvinnurekanda. Sækja þarf um nýtt atvinnuleyfi til að fá leyfi til að vinna á nýjum stað.
- Tímabundið atvinnuleyfi er veitt í allt að eitt ár og þarf að endurnýja samhliða endurnýjun dvalarleyfis.
- Hægt er að framlengja atvinnuleyfi um allt að tvö ár í senn.
- Útlendingur með tímabundið atvinnuleyfi getur sótt um óbundið atvinnuleyfi (sem ekki er háð atvinnurekanda) hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í 3 ár.

Vinumálastofnun

Hjá Vinnumálastofnun starfar sérstakt teymi sem heldur utan um ráðgjöf og úrræði fyrir flóttafólk svo sem:

- Aðstoð við atvinnuleit
- Náms og starfsráðgjöf
- Íslenskukennslu og samfélagsfræðslu
- Önnur virkniúrræði
- Atvinnu með stuðningi

Opið mánudaga til föstudaga kl. 09-15. Hægt er að hringja og panta tíma hjá ráðgjafa. Vinnumálastofnun er með skrifstofur um land allt. Finndu þá sem er næst þér hér:

<https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/thjonustuskrifstofur>

- Kringlan 1, 103 Reykjavík

Sími: 515 4800

- Krossmói 4a - 2. hæð, 260 Reykjanesbær

Sími: 515-4800

Atvinnumiðlanir

Hjá Vinnumálastofnun starfar sérstakt teymi sem þjónustar flóttafólk.

Listar yfir atvinnumiðlanir má finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar:

<https://www.vinnumalastofnun.is/storf-i-bodi/adrar-vinnumidlanir>

Listar yfir störf í boði má finna hér:

www.storf.is

www.alfred.is

www.job.visir.is

www.mbli.is/atvinna

www.reykjavik.is/laus-storf

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/laus-storf-a-starfatorgi/>

Mat eða löggilding á námi og starfsréttindum erlendis frá

- **ENIC/NARIC Upplýsingarskrifstofa Íslands** sér um mat á akademísku námi en veitir ekki starfsleyfi. <http://www.enicnaric.is/>
- **Iðan fræðslusetur** sér um mat á iðnnámi, fyrir utan rafiðngreinar: <https://idan.is/>
- **Rafmennt** sér um mat á rafiðngreinum: <https://www.rafmennt.is/>
- **Embætti landlæknis, Menntamálatofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið** veita starfsleyfi fyrir sínar stéttir.

Ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun getur leiðbeint með hvar og hvernig er hægt að fá mat eða löggildinguna á námi eða starfsréttindum erlendis frá.

Skattar

- Íslenska velferðarríkið byggir á því að fólk greiði skatta og önnur opinber gjöld. Skatttekjur ríkisins eru notaðar til að greiða fyrir opinbera þjónustu, menntakerfið, heilbrigðiskerfið, samgöngur og vegakerfi, félagslegar bætur og fleira.
- Af öllum launum er dreginn frá tekjuskattur sem fer til ríkisins og útsvar sem er skattur sem fer til sveitarfélagsins.

Skattur og persónuafsláttur

- Greiða þarf tekjuskatt af öllum tekjum svo sem launum og fjárhagsaðstoð.
- Hver og einn fær svokallaðan „**persónuafslátt**“ af tekjuskatti sem var kr. 56.447 á mánuði árið 2020. Það þýðir að þeir sem eiga að greiða 100.000 kr. í skatt á mánuði greiða aðeins 43.523 kr. Hjón geta samnýtt persónuafsláttinn sinn.
- Þú berð endanlega ábyrgð á notkun persónuafsláttar þíns.
- Ekki er hægt að færa persónuafsláttinn á milli ára.
- Persónuafsláttur gildir frá þeirri dagsetningu sem lögheimili var skráð í Þjóðskrá. Ef lögheimili þitt var skráð á Íslandi í mars þarf að passa að ekki sé gert ráð fyrir að þú eigir inni persónuafslátt frá janúar og febrúar því þá myndast skuld. Huga þarf sérstaklega að réttri notkun persónuafsláttar þegar maður er í tveimur störfum, fær greiðslur frá fæðingarorlofssjóði, Vinnumálastofnun eða þegar maður fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.
- Ef persónuafsláttur er nýttur umfram 100%, til dæmis þegar unnið er hjá fleiri en einum vinnustað eða stofnun, getur safnast upp skuld. Láta þarf starfsstaði og stofnanir vita hvort og hversu hátt hlutfall persónuafsláttar skal nýtt.

Skattskýrslur

- Skattframtal er staðfesting á öllum þeim tekjum, eignum og skuldum sem þú áttir á skattárinu sem leið. Réttar upplýsingar þurfa að berast skattstjóra svo hægt sé að reikna út skatta og bætur.
- Skila þarf skattframtali inn rafrænt á <http://skattur.is> í byrjun mars á hverju ári.
- Innskráning er með veflykli RSK eða rafrænum skilríkjum.
- Ríkisskattstjóri undirbýr rafræna framtalið en nauðsynlegt er að fara yfir það áður en það er samþykkt.
- Hægt er að mæta og fá aðstoð við gerð skattskýrslu á skrifstofum Ríkisskattstjóra í Reykjavík og Akureyri og í síma 422-1000.
- Ríkisskattstjóri útvegar ekki þjónustu tólka.
- Leiðbeiningar á ensku um skil á skattskýrslu: https://www.rsk.is/media/baeklingar/rsk_0812_2020.en.pdf

Stéttarfélög

- Hlutverk stéttarfélaga er fyrst og fremst að semja um laun og önnur starfskjör í kjarasamningum fyrir hönd félagsmanna sinna og gæta hagsmuna þeirra á vinnumarkaði.
- Allir sem greiða í stéttarfélög njóta réttinda vegna þeirra greiðslna sem þeir greiða, viðkomandi getur safnað saman réttindum þó vinnan sé stutt.

Þjónusta stéttarfélaga

- Upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði
- Aðstoð við útreikninga á launum
- Aðstoð ef grunsemdir vakna um brot á réttindum
- Ýmis konar styrki og þjónustu
- Aðgang að starfsendurhæfingu eftir slys og veikindi
- Sum stéttarfélög taka þátt í ferðakostnaði fyrir þá sem þurfa að fara landshluta á milli vegna aðgerða eða rannsókna að læknisráði en aðeins ef sótt hefur verið fyrst um til Tryggingarstofnunar og neitun komið þaðan.

Styrkir sem stéttarfélög veita

- Styrki til að sækja námskeið og nám með vinnu
- Styrki vegna heilsuefningar, t.d. til að greiða fyrir krabbameinsleit, sjúkranudd, sjúkraþjálfun, líkamsrækt, gleraugu og linsur, heyrnartæki, viðtöl við sálfræðinga og geðlækna og fleira
- Sjúkradagpeninga
- Styrki vegna veikinda barna eða maka
- Orlofsstyrki eða leigu á orlofshúsum eða orlofsíbúðum

Svört vinna

Þegar einstaklingur greiðir ekki skatta eða önnur gjöld af launum sínum, fær greitt fyrir vinnuna í reiðufé og engin kvittun eða launseðill gefinn út, er talað um svarta vinnu. Svört vinna er ólögleg og grefur undan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu. Fólk sem vinnur svarta vinnu aflar sér ekki almennra réttinda eins annað starfsfólk.

- Fær ekki laun í sumarfrí
- Fær ekki laun þegar það veikist eða slasast
- Er ekki tryggt ef það verður fyrir slysi í vinnu
- Hefur ekki rétt á atvinnuleysibótum eða fæðingarorlofi

Skattsvik

- Viðurlög við því að svíkja undan skatti eru að lágmarki sekt sem hljóðar upp á tvöfalda þá upphæð sem svikin var, en getur farið upp í tífalda upphæðina.
- Stórfelld skattsvik geta varðað allt að sex ára fangelsisvist.